

## *Innviðaráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**  
Sendandi: **Innviðaráðuneyti**  
Dagsetning: **17.11.2022**  
Málsnúmer: **IRN22050078**  
Bréfalykill: **3.1**  
Tilgangur:  **Til ákvörðunar**       **Til upplýsingar**  
 **Til undirritunar**       **Skv. beiðni ráðherra**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi - 153. löggjafarþing

Í minnisblaði þessu er að finna upplýsingar úr kostnaðarmati vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, með síðari breytingum. Minnisblaðið er ritað að beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Í áhrifamati sem unnið var í innviðaráðuneytinu vegna frumvarpsins kemur fram að Samgöngustofa innheimtir gjald fyrir útgáfu almenns rekstrarleyfis til farmflutninga á landi með ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd fer yfir 3,5 tonn og leyfilegur hámarkshraði ökutækjanna er 45 km á klst. eða meiri. Aðeins er stefnt að því að útvíkkun gildissviðs reglna um leyfissskylda farmflutninga taki til flutninga með ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd ökutækis er yfir 2,5 tonn en ekki meiri en 3,5 tonn þegar slíkir flutningar fara fram á milli ríkja. Vegna landfræðilegrar legu Íslands fara slíkir flutningar aðeins fram í verulega litlum mæli, ef einhverjum.

Komi til þess að aukning verði á útgáfu leyfa er kostnaði vegna þess mætt með gjaldtöku.

Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins er snúa að einföldun leyfifyrirkomulags hafi teljandi áhrif á útgjöld eða tekjur ríkisins.

Með vísan til framangreinds er gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins komi til með að hafa óveruleg áhrif á útgjöld og tekjur ríkisins.